

## Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

[skipulagssvid@akureyri.is](mailto:skipulagssvid@akureyri.is)

13. janúar 2022

### Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi v/Tónatröð og Spítalavegur

Um leið og Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda skipulagslýsingu er eftirfarandi athugasemdum komið á framfæri.

#### Hitaveita

Hitaveitan á svæðinu er ekki nógu stór til að taka við þessari fyrirhuguðu uppbyggingu. Sækja þarf nýjan hitaveitustofn upp í Þórunnarstræti til að anna þessu byggingarmagni. Sá stofn gæti þurft að leggjast í gangstéttir eða göngustíga og því væri gott að fá teikningar af því skipulagi sem fyrst. Einnig er mikilvægt að vita hvort áætlaðar eru frekari stækkanir á svæðinu svo velja megi heppilega stærð af hitaveitustofni.

#### Vatnsveita

Það er sæmilega öflugur stofn vatnsveitu í Spítalavegi sem á að geta þjónað þessu skipulagi. Þó er mikilvægt að fá sem fyrst að vita heildarfjölda íbúða og hvort gert sé ráð fyrir slökkvivatni (Sprinkler) í skipulaginu.

#### Fráveita

Fráveitulagnir sem eru til staðar í götunni eru ekki nógu stórar til að anna þeirri notkun sem fyrirhuguð er, eða 70 íbúðir. Lagnirnar eru einfaldar og því þyrfti bæði að stækka þær og tvöfalda. Í gegnum lóðina fyrir neðan Sjúkrahúsið er frárennslislögn frá sjúkrahúsinu og mikilvægt er að gera ráð fyrir henni í skipulaginu. Einnig þarf að bæta þar við ofanvatnslögn fyrir Sjúkrahúsið og það svæði.

#### Rafveita

Dreifikerfi lágspennu ber líklega ekki umrædda aukningu eða þá aflnotkun sem fyrirhuguð er vegna 70 íbúða. Meta þarf álagsaukningu út frá komandi byggingarmagni, s.s. hleðslu rafbíla sem og almennri raforkunotkun þegar nær dregur. Við lóðina / svæðið neðan við SAK liggur m.a. 11kV háspennustrengur að dreifistöð 002 sem og aðrar lágspennulagnir sem þarf að breyta, s.s. gera ráð fyrir skipulagi.

Athygli er vakin á reglum sem gilda um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar (samþ. 18.09.18) og finna má á heimasíðunni [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

**Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.**

[www.map.is/no](http://www.map.is/no)

Bestu kveðjur,

*Gunnur Ýr Stefánsdóttir*

*Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra*